

Saga af Forseta. Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Útrás, athafnir og einkamál

Bókarhöfundur: Guðjón Friðriksson

Bókarheiti: Saga af Forseta. Forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Útrás, athafnir og einkamál

Gagnrýnandi: Birgir Hermannsson, stjórn málafræðingur

Útgáfa: Mál og Menning, Reykjavík 2008, 608 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Gagnrýnin umræða um orð og gerðir forseta Íslands hverju sinni eiga að vera sjálfsagður hluti af almennri umræðu í samfélaginu, en einn af kostunum við bók Guðjóns er að hún leggur grunninn að upplýstri umræðu um forsetatíð Ólafs Ragnars fyrir þá sem áhuga hafa. Óhætt er að fullyrða að hún verði ómissandi heimild um forsetatíð Ólafs Ragnars og samtíð hans, sem og alla umræðu um forsetaembættið sem slíkt."*

AÐ GERA ÞJÓÐINNI GAGN

Bók Guðjóns Friðrikssonar sagnaræðings um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar er mikil að vöxtum, ítarleg og fróðleg. Óhætt er að fullyrða að hún verði ómissandi heimild um forsetatíð Ólafs Ragnars og samtíð hans, sem og alla umræðu um forsetaembættið sem slíkt. Bókin er um margt ólík fyrri æfisögum Guðjóns. Hér er ekki gerð tilraun til að draga upp lífshlaup Ólafs eða gera heildstætt grein fyrir pólitískum afskiptum hans áður en hann varð forseti. Ólíkt fyrri viðfangsefnum Guðjóns er Ólafur einnig á lífi og í fullu fjöri sem gerir það ójávæmlega að verkum, að fjarlægðin á atburði og persónur er önnur. Til að mynda er það næsta ljóst að hrun íslensku bankanna með tilheyrandi efnahagskreppu breytir mjög sjónarhorni okkar og mati á viðfangsefni bókarinnar. Í formála greinir höfundur frá því að bókin hafi verið rituð á árunum 2006 og 2007 „og ber ritunartímanum nokkurt vitni og þeim bjartsýnisanda sem þá ríkti“ (bls 10). Eftir hrun bankanna er auðvelt að túlka þennan bjartsýnisanda sem skort á gagnrýni, enda ljóst að mat okkar á forsetatíð Ólafs Ragnars hlýtur að breytast verulega í kjölfarið. Þar með er ekki sagt að Guðjón sé gagnrýnislaus, en hann fer vel með sína gagnrýni t.d með því að segja að Ólafur hafi farið „fram úr sjálfum sér“ (207) eða „farið offari“ (bls. 391 og 411), auk þess að leyfa öðrum gagnrýnisröddum að heyrast.

Strax í upphafskafli bókarinnar slær Guðjón tóninn fyrir framhaldið, en þar fjallar hann um alþjóðastarf Ólafs Ragnars áður en hann varð forseti. Bókin hefst í Vítenam 1994 þar sem Ólafur aðstoðar íslenska athafnamenn við að ná samböndum og leiðir lesandann í gegnum starf hans á vettvangi Evrópuráðsins og Parliamentarians for Global Action. Reynt var að gera lítið úr þessu starfi hér heima af pólitískum andstæðingum, en í raun sýndi Ólafur hér mikið frumkvæði og dugnað sem síðar varð lykillinn að óvæntum árangri hans í framboði til forseta. Ólafur byggði síðan á þessum tengslum eftir að hann varð forseti og bætti við tengslanetið. Í bókinni eru heimsóknir og tengsl Ólafs rakin og ljóst að persónleg tengsl hans við stjórnámamenn í Bandaríkjunum og Indlandi eru með miklum ólíkindum, en minna fer fyrir frásögnum af tengslum við evrópska stjórnámamenn og þjóðarleiðtoga. Frásögn Guðjóns af útrásinni svokölluðu og hlutverki Ólafs í henni verður beint framhald af starfi hans áður en hann varð forseti. Líkt og Ólafur Ragnar aðstoðaði athafnamenn í Víetnam, varð það honum eðlilegur og sjálfsagður hlutur að aðstoða athafnamenn í útrásinni. „Útrásarhluti“ bókarinnar er gott yfirlit yfir alþjóðlegt starf Ólafs Ragnars og ber glöggvitni áhugamálum hans og dugnaði, en verður á stundum nokkuð þreytandi upptalning af fundahöldum og fólki.

Frásögnin af forsetakosningunum 1996 er ekki stór hluti af bókinni og varpar því miður ekki nýju ljósi á þá óvæntu niðurstöðu að umdeildur stjórnámaleiðtogi skyldi vinna kosningarnar nokkuð auðveldlega. Guðjón tekur undir þá skoðun að kosningabaráttu Ólafs Ragnars og Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur eiginkonu hans hafi verið fagmannleg og vel skipulögð og sigurinn ekki síður Guðrúnar en Ólafs. Hin umdeildi Ólafur Ragnar reyndist njóta meiri virðingar hjá þjóðinni en andstæðingar hans og samherjar gerðu sér grein fyrir. Guðrún Katrín var klárlega „leynivopnið“ í kosningabaráttunni, en að öðru leiti var ekki hægt að skapa nýja ímynd af Ólafi meðal þjóðarinnar. Þjóðin þekkti Ólaf Ragnar með öllum sínum kostum og göllum og ákvað að gera hann að forseta. Kosning Ólafs Ragnars er og verður nokkur ráðgáta og ætti að vera fólki lexía í að efast um viðtekin sannindi um fólk og embætti.

Hinum umdeilda stjórnámamanni var ekki tekið fagnandi af fyrrum andstæðingum, þó samskiptin hafi að mestu verið snuðrulaus fyrstu árin. Þegar að stjórnskipulegu hlutverki forseta kom, var stjórnámalafræðingurinn Ólafur Ragnar á heimavelli, en frá upphafi hafði hann gert það ljóst að málskotsréttur 26. greinar stjórnarskrárinnar væri ekki dauður bókstafur heldur nauðsynlegur öryggisventill. Andstæðinga Ólafs Ragnars hefur þó vart grunað í upphafi, að 26. grein

stjórnarskrárinnar yrði á endanum stærsta deiluefnið. Hlutverk forseta sem þjóðhöfðingja og þar með sameiningartákn var vandrataðri, enda ummæli og gjörðir forsetans túlkuð í ljósi fyrri afskipta af stjórnámálum. Frá upphafi var hann undir smásjóni og meðvitað „stjórnarandstaða“ með Morgunblaðið í broddi fylkingar tilbúin til að gagnrýna. Íslendingar eru óvanir slíkri gagnrýni og viðkvæmir fyrir henni, þó auðvitað sé slík gagnrýni sjálfsgöð og eðlileg í lýðræðissamfélagi. Á sama hátt og stuðningsmenn forsetans (og almenningur á stundum) hafi verið of viðkvæmir fyrir gagnrýni og óhefðbundinni umfjöllun, má segja að gagnrýnendur á borð við Styrmi Gunnarsson fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins hafi gert of mikið úr þeirri kröfu að „sameiningartákn þjóðarinnar“ væri hafið yfir gagnrýni og þannig nær innihaldslaust. Eins og glögglega kemur fram í bók Guðjóns hefur Ólafur Ragnar mátt þola gagnrýni frá upphafi og verið miðpunktur eins stærsta deilumáls lýðveldisins, en þrátt fyrir það notið stuðnings almennings. Þessi staðreynd ætti að lyfta okkur upp fyrir klisjukenndar lýsingar á forsetaembættinu sem „sameiningartákn þjóðarinnar“. Gagnrýnin umræða um orð og gerðir forseta Íslands hverju sinni eiga að vera sjálfsgöður hluti af almennri umræðu í samfélaginu, en einn af kostunum við bók Guðjóns er að hún leggur grunninn að upplýstri umræðu um forsetatíð Ólafs Ragnars fyrir þá sem áhuga hafa.

Bakgrunnur Ólafs Ragnars, persónuleiki og áhugamál, gerðu það nánast óhjákvæmilegt að hann legði mikla áherslu á erlend samskipti. Þetta var að sumu leyti beint framhald af forsetatíð Vigdísar Finnbogadóttur og aukinna alþjóðlegra samskipta. Ólafur Ragnar tók þó nýtt frumkvæði í þessu efnum sem óhjákvæmilega leiddi til núninga og jafnvel átaka við utanríkisþjónustuna. Þetta hefur smám saman leitt til þess að forsetaembættið skipuleggur sínar ferðir sjálf án afskipta utanríkisráðuneytisins eða ríkisstjórnar. Eins og Guðjón rekur skilmerkilega hefur Ólafur Ragnar aukið sjálfstæði embættisins hvað þetta varðar og er það sjálfsgöð afleiðing þess að forsetinn er þjóðkjörinn og sem slíkur ekki handbendi ríkisstjórnar hverju sinni. Hér er því um breytingu á embættinu að ræða sem getur bæði styrkt það og veikt eftir aðstæðum. Hitt er þó ljóst að utanríkisstefnan er ekki ákveðin af forsetanum og hér er því möguleiki á núningi og jafnvel átökum við ríkisstjórn. Guðjón rekur töluvert ólíka sýn Halldórs Ásgrímssonar og Ólafs Ragnars á forsetaembættið, en Halldór telur að Ólafur hafi „vegna dugnaðar síns, gengið of langt og forsetinn sé farinn að sinna málum sem hann á ekki að sinna“ (bls. 120). Halldór telur þó að samskipti þeirra Ólafs hafi verið „eðlileg“ (bls. 121), en í ljósi síðustu atburða er erfitt annað en að taka undir með Halldóri í því að forsetaembættið hafi gengið of langt í því að þjóna íslenskum fyrirtækjum sem einkskonar „yfir-viðskiptafulltrúi lýðveldisins.“ Um þetta hlutverk segir Guðjón:

"Einn af meginþáttunum í starfi Ólafs Ragnars, sem jafnframt er töluverð nýjung í starfi forseta Íslands og hefur verið umdeild, er að veita viðskiptalífínu öflugt lið og tala máli útflutningsfyrirtækja erlendis. Talað hefur verið um hann sem sendiherra og besta talsmann íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu. [. . .] Á bak við þessa viðleitni má greina þrá eftir að gera Íslandi gagn (bls 391)."

Hér er vandrataður meðalvegurinn, en eftir að hafa lesið lýsingar Guðjóns á nánu sambandi athafnamanna á borð við Björgólfur Thor Björgólfsson og Sigurð Einarsson við forsetann er deginum ljósara að hann hefur farið yfir strikið. Hér má ef til vill sjá helstu meinsemd íslensk samfélags síðustu árin: í þeirri viðleitni að „gera Íslandi gagn“ og ná árangri í útrásinni héldu stjórnvöld ekki nægjanlegri fjarlægð við fyrirtæki og athafnamenn. Smæð íslensk samfélags, persónuleg tengsl og skortur á öflugum stofnunum og regluverki, allt einkenni sem Ólafur dásamaði sem eitt af „leyndarmálum“ íslensku útrásarinnar, varð henni að falli.

Aðalpersóna bókarinnar er auðvitað Ólafur Ragnar, en auk þess koma af augljósum ástæðum þær Guðrún Katrín Þorbergsdóttir og Dorrit Moussaieff mjög við sögu. Davíð Oddsson er einnig fyrirferðarmikill á síðum bókarinnar, eins og hann hlýtur að verða í allri umfjöllun um þetta tímabil, en stirðleiki og átök hafa einkennt samskipti Ólafs Ragnars og Davíðs. Í grunninn er hér um pólitísk átök að ræða, en persónuleg andúð var auljóslega einnig til staðar. Sumt af þessum deiluefnum, eins og í tenglum við kristnitökuháttíðina, heimsókn Hillari Clinton og heimstjórnarafmælið virðast heldur hláleg. Þó að Ólafur Ragnar hafi réttilega mótmælt því að Davíð léti boða ríkisráðsfund án þess að láta forseta lýðveldisins vita, lýsir þessi uppákoma fyrst og fremst hégómlegri þörf Davíðs til að mynda sig á heimstjórnarafmælinu og tengja sig við Hannes Hafstein. Um fjölmiðlafrumvarpið gegnir öðru máli. Hér var tekist á um grundvallaratriði og þurfti Davíð þar að játa sig sigraðan. Í raun og veru virðist mér Davíð hér hafa sigrað sjálfan sig sem gerir uppákomuna tragíska. Ef Davíð hefði haldið rétt á málum hefði honum líklega tekist að koma í gegn um alþingi frumvarpi um fjölmiðla með stuðningi stjórnarandstöðunnar eða hluta hennar. Á þessu hafði hann hins vegar engan áhuga: markmiðið var að vernda tök Sjálfstæðisflokksins á fjölmiðlum (eins og Guðjón færir góð rök fyrir) og ná höggi á óvin

sinn Jón Ásgeir Jóhannesson.

Guðjón dregur upp ólíka og að mínu viti nokkuð villandi mynd af hutverki Davíðs og Ólafs Ragnars í útrás íslenskra fyrirtækja. Þó að Ólafur Ragnar hafi gengist upp í aðstoð við íslensk fyrirtæki og jafnvel verið kallaður „andlegur faðir útrásarinnar“ (bls. 463), þá er ljóst að stefna og störf ríkisstjórna Davíðs Oddssonar sköpuðu grunninn að risi og falli útrásarinnar með bankanna í broddi fylkingar. Í stjórnámálum var Ólafur Ragnar á annarri skoðun lengst af: Evrópska efnahagssvæðið, frjálshyggi og einkavæðing voru ekki hátt á óskalista formanns Alþýðubandalagsins. Guðjón er því á hálum ís þegar hann tekur (að því er virðist) undir með Bláinu frá 2005 um tengsl útrásarinnar og Útflutningsleiðar Alþýðubandalagsins frá 1994 (bls. 459-460). Útflutningsleiðin var tilraun til að breyta um umræðuefni í íslenskum stjórnámálum og mistókst að mestu. Þeir Davíð og Ólafur Ragnar sameinuðust þó í andstöðu sinni við Evrópusambandið. Þannig lagði Davíð grunnin að útrás fyrirtækja og miklum hagvexti á veikum grundvelli, en Ólafur Ragnar gerðist dugmikill verkamaður í þeim aldingarði. Þetta hefur reynst alvarlegt dómgreindarleysi, jafnvel vítavert ábyrgðarleysi hjá þeim fjandvinum. Þeir böðuðu sig báðir í dýrðinni meðan vel gekk, en dómurinn um orðaspor þeirra og arfleið verður væntanlega þess mun harðari.